

38

19. júní

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

39

19. júní

L Ö G

um kjötmat o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður: Sauðfé allskonar, nautgripi, svín, hross, alifugla o. s. frv.

Sláturfjárafurðir: Kjöt, hausa, innyfli, gærur og skinn o. s. frv.

Læknir: Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann annan lækni eða læknisnema, sem löggiltur hefir verið til starfsins samkvæmt 4. gr. laga þessara.

Kjötmatismaður: Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni og aðstoðarmönnum hans, sbr. 7. gr.

2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið fryst eða kælt á erlendan markað, má aðeins slátra í löggiltum sláturhúsum, og frysting eða kæling kjötsins aðeins fara fram í löggiltum frystihúsum.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum til-lögum yfirkjötmatsmanns og læknis þess, er kjötskoðun annast í hlutaðeigandi umdæmi, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbún-aði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigði- og hreinlætis-

kröfum. Skyld er löggiltum sláturhúsum að hafa lækni jafnan við hendina til eftirlits meðan slátrun fer fram.

39
19. júní

Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefir sérstakt löggildingarmerki.

Ráðherra setur reglur um útbúnað löggiltra sláturhúsa og frystihúsa.

Nú fullnægir löggilt sláturhús eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber yfirkjötmatsmanni eða lækni þegar að skýra ráðuneytinu frá því. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að kippa því í lag, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests.

3. gr.

Hús, sem slátrað er í skepnum til söltunar á kjötinu til útflutnings eða til sölu innanlands og ekki eru löggilt sláturhús, skulu vera þrífaleg og svo rúm-góð og þannig hagað, að kjöt geti kólnað þar nægilega fljótt og því sé þar að öðru leyti ekki hætt við skemmdum. Ráðherra getur sett nánari reglur um slík sláturhús, eftir því sem þurfa þykir.

4. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði áður en slátrun fer fram, ef kjötið er ætlað til útflutnings fryst, kælt eða saltað, og mega ekki liða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar.

Ennfremur skal læknisskoðun á öllu kjöti og innyflum fara fram þegar eftir slátrun og áður en kjötið er fryst, kælt eða saltað. Að skoðun lokinni skal læknirinn merkja kjötið samkvæmt reglum, er ráðherra setur um skoðun og merkingu á kjöti. Ennfremur getur ráðherra sett reglur um skoðun og merkingu skinna og annara sláturfjárafurða. Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti til ákveðinna landa, eftir því hverjar kröfur þar eru gerðar í því efni. Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir skoðun og merkingu kjöts og annara sláturfjárafurða.

Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis eða á annan hátt, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins á þann hátt, að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur smithætta getur stafað af, að álitni læknis þess, sem skoðunina hefir á hendi, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálf dauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi læknis þess, er kjötskoðun annast í hlutaðeigandi sláturhúsi.

5. gr.

Þar sem því verður við komið, skipar ráðherra dýralækni til að annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum. Náist ekki til

39 dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum dýralæknis, lækni eða læknisefni, er að minnsta kosti hefir lokið fyrsta hluta læknaprófs, til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá löggiltum dýralækni hér á landi.

Reynist ókleift að fá lækni til kjötskoðunar á einhverjum slátrunarstað, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá læknisskoðun saltkjöts á þeim stað.

6. gr.

Allt kjöt, sem flutt er á erlendan markað, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanns og aðstoðarmanna hans. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um flokkun, frystingu, söltun, umbúðir og merkingu kjötsins og meðferð.

Kjöt, sem saltað er í sláturhúsum til sölu innanlands, skal einnig metið og flokkað af kjötmatsmönnum samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

7. gr.

Ráðherra skipar einn yfirkjötmatsmann til að hafa umsjón með mati á öllu því kjöti, er meta skal samkvæmt 6. gr. Skal hann hafa fullkomna þekkingu á kjöti og öllu því, er lýtur að meðferð þess. Yfirkjötmatsmaður skal hafa að minnsta kosti 3 menn til aðstoðar við starf sitt meðan aðalsauðfjárslátrun stendur yfir ár hvert.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmanni og aðstoðarmönnum hans reglur um störf þeirra.

Ekki má yfirkjötmatsmaður eða aðstoðarmenn hans þiggja neina þóknun hjá þeim, er við útflutning kjöts eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda né neinskonar milligöngu í því efni, er hann eða þeir geti haft hagnað af.

Yfirmatsmaður skal hafa að árslaunum 1200 kr., en aðstoðarmenn hans 300 kr. hver. Auk þess skulu aðstoðarmenn hafa daglaun fyrir þá daga, sem þeir starfa í yfirmatserindum, og ákveður ráðuneytið þau, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns.

Auk ferðakostnaðar eftir sanngjörnum reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, skal yfirkjötmatsmaður og aðstoðarmenn hans fá 4 kr. hver í fæðispeninga og húsnæðis meðan þeir eru frá heimilum sínum vegna yfirmatsins. Allur kostnaður, sem af yfirmatinu leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

Kaup kjötmatsmanna ákveður yfirkjötmatsmaður í samráði við forstöðu-

menn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verzlani á hverjum stað, og greiða verzlani þær eða sláturhús, sem slátrunina framkvæma, kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukapóknum eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta kjöt fyrir eða riðnir eru við útflutning kjötsins, né vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirkjötmatsmanns, og skal yfirkjötmatsmanni þá heimilt að vikja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samtundis þessa ráðstöfun, sem þá vikur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

9. gr.

Í kaupstað eða kauptúni, þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða flutt er þangað nýtt og ætlað er til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum, og getur ráðuneytið sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, sem áður hefir verið merkt til útflutnings í löggiltu sláturhúsi eða lækni hefir skoðað og merkt í sláturhúsi, sem í 3. gr. getur. Ráðherra getur sett nánari reglur um þessi atriði, ef þurfa þykir.

Kjöt, sem flutt er að, nýtt, kælt eða frosið, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er læknir tekur gildar.

Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað samskonar kjötskoðun í kauptúnnum, þar sem búa færri en 1000 manns.

Þar, sem sláturhús er í kaupstað eða kauptúni, getur kjötskoðun og merking farið fram í sláturhúsinu sjálfu, en bæjarfélag eða hreppsfélag skal sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á aðfluttu nýju kjöti, gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi kjötsins greiðir samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins, og skal öllum þeim, er flytja nýtt kjöt, ómerkt, til sölu í kaupstað eða kauptúni, skylt að láta þar fram fara skoðun á kjötinu áður en þeir afhenda það kaupanda.

Nú neitar læknir að merkja kjöt, og er eiganda þess þá óheimilt að selja það eða afhenda innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, en telji hann sig órétti beittan, getur hann innan 12 klst. skotið máli sínu til úrskurðar heilbrigðisnefndar. Úrskurði heilbrigðisnefndin kjötið söluhæft, skal það merkt sérstöku merki.

10. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnnum, sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt, nýtt eða frosið, í kjötbúðum eða á öðrum sölustöðum.

11. gr.

Ráðherra getur sett reglur um útbúnað kjötbúða og um það, hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum, og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir. Sömuleiðis getur ráðherra sett

- 39** reglur, eftir því sem þurfa þykir, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr
19. júní sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað
því um líkt.

12. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merkingu þess og án þess að hafa fengið undanþágu frá kjötmerkingu samkvæmt 5. gr. 2. mgr., og varðar það sektum frá 500 til 5000 kr. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 2000 krónum.

Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingar fyrir brot yfirkjötmatsmanns, aðstoðarmanna hans, kjötmatsmanna og lækna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42 19. maí 1930, um mat á kjöti til útflutnings, og lög nr. 12 13. september 1912, um merking á kjöti.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

40

L Ö G

19. júní

um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi svo hljóðandi grein, er verður 2. gr.:

Ennfremur skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins, heimilt að leggja á vörur, sem fluttar verða